

# Reglugerð

## um notkun og bann við notkun kadmíums og efnasambanda þess.

### 1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efna og efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna og/eða umhverfinu.

### 2. gr.

Óheimilt er að nota kadmíum og efnasambönd þess til litunar á fullnum vörum sem framleiddar eru úr eftirtöldum efnasamböndum;

- pólývínýlklóríði (PVC)
- pólýúretani (PUR)
- pólýetýleni með lítilli þéttni (ld PE)
- sellulósaasetati (CA)
- sellulósaasetatbútýrati (CAB)
- epoxý resíni
- melamínformaldehýð (MF) resíni
- úreaformaldehýð (UF) resíni
- ómettuðu pólýester (UP)
- pólýetýlentalati (PET)
- pólýbútýlentalati (PBT)
- gagnsæju pólýstýreni
- akrýlnítrílmetylmetakrýlati (AMMA)
- víxlengdu pólýetýleni (VPE)
- efnisþéttu pólýstýreni
- pólýprópýleni (PP)

### 3. gr.

Óheimilt er að nota kadmíum eða kadmíumefnasambönd sem bindiefni í eftirtaldar vörur sem framleiddar eru úr vínýlklóríðfjölliðum;

- umbúðarefni (pokar, töskur, ílát, flöskur, lok)
- hluti til nota á skrifstofum eða í skólum
- aukabúnað fyrir húsgögn, vagnasmíði eða sambærilegt
- fatnað og fylgihluti með fatnaði
- gólfduka og veggfóður
- gegndreypt, húðuð eða lagskipt textílefni,
- leðurlíki
- hljómplötur
- rör, pípur og tengi
- vængjahurðir
- farartæki til flutninga á vegum (að innan, að utan, vagngrind)
- í húðun á stálplötum sem notaðar eru í byggingavinnu og í iðnaði
- í einangrun fyrir rafmagnsvíra

## 4. gr.

Óheimilt er að flytja inn eða selja vörur eða vöruhluta úr efnasamböndum sem falla undir ákvæði 2. og 3. gr. ef kadmíummagn í vöru eða hluta af vöru er meira en 0,01% miðað við þyngd.

## 5. gr.

Umhverfisráðherra getur heimilað undanþágu frá ákvæðum 2., 3. og 4. gr. ef nauðsynlegt er að nota kadmíum sem litarefni eða bindiefni af öryggisástæðum.

## 6. gr.

Óheimilt er að nota kadmíum eða kadmíumsambönd til að húða yfirborð eftirtalinna vörutegunda eða -hluta. Jafnframt er óheimilt að flytja inn eða selja slíkar vörur eða vöruhluta.

- Búnaður og vélar notað;
- við matvælaframleiðslu
- í landbúnaði
- við kælingu og frystingu
- við prentun og bókhald
- Búnaður og vélar notaður við framleiðslu á;
- vörum til heimilishalds
- húsgögnum
- hreinlætisvörum
- vélum fyrir miðstöðvarkyndingu og loftræstingu
- pappír og pappaspjöldum
- textílefnum og fatnaði
- Búnaður og vélar notaður til framleiðslu á;
- búnaði og vélum sem notaðar eru í iðnaði
- ökutækjum
- skipum

## 7. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## 8. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum, fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og í samræmi við 4. tl., XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 91/338/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 6. ágúst 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*